

rétt til inngöngu í Alþýðusamband Íslands eða ekki. Verður því frá-
vísunarkrafa stefnanda ekki tekin til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Frávísunarkrafa Alþýðusambands Íslands er ekki tekin til
greina.

Málskostnaður fellur niður.

Nr. 9/1961. Fimmtudaginn 15. marz 1962.
Ástþór Einarsson

(Jón Eiríksson hdl.)

gegn

**Alþýðusambandi Íslands f. h. Landssambands
Íslenzkra vörubílstjóra vegna Ekils, félags
sjálfseignarvörubifreiðastjóra í Vestmanna-
eyjum og Bifreiðastöðvar Vestmannaeyja**

(Jón Þorsteinsson hdl.)

Varadómari Benedikt Sigurjóns-
son í stað Ísleifs Árnasonar.

Félagsréttindi. Skaðabótakrafa. Frávísun að hluta.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags.
10. ágúst 1961, af Ástþóri Einarssyni vörubílstjóra í Vest-
mannaeyjum gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Lands-
sambands íslenzkra vörubifreiðastjóra vegna Ekils, fé-
lags sjálfseignarvörubifreiðastjóra í Vestmannaeyjum. Þá
hefur stefnandi með framhaldsstefnu, dags. 4. janúar þ.
á., einnig stefnt nefndum samböndum vegna Bifreiða-
stöðvar Vestmannaeyja, auk þess sem hann í sömu stefnu
gerir frekari kröfur á hendur Ekli.

Samandregnar eru kröfur stefnanda þessar samkvæmt
munnlegum málflutningi hans.

A) *Gegn Ekli, félagi sjálfseignarvörubifreiðastjóra í Vestmannaeyjum.*

1. Að viðurkennt verði, að stefnandi hafi átt rétt á því að verða meðlimur Ekils 13. marz 1961 eða síðar eftir því, sem dómurinn ákveður.
2. Að viðurkennt verði, að hann eigi rétt til að vera meðlimur Bifreiðastöðvar Vestmannaeyja, enda taki hann á sig þær skuldbindingar, sem félagsréttindum fylgja.
3. Að honum verði tildæmdar skaðabætur allt að kr. 130.000.00 eftir mati dómsins með 8% ársvöxtum frá dómsuppsagnardegi til greiðsludags.
4. Að hinu stefnda félagi verði gert að greiða sekt samkvæmt lögum nr. 80/1938.
5. Að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað eftir mati dómsins.

B) *Gegn Bifreiðastöð Vestmannaeyja.*

1. Að viðurkennt verði, að stefnandi eigi rétt á að gerast meðlimur í B. S. V. og hefði átt að öðlast þann rétt 13. marz 1961 eða síðar, eftir því sem dómurinn ákveður.
2. Að B. S. V. verði annað hvort eitt sér eða ásamt með Ekli in solidum dæmt til að greiða skaðabætur og vexti eins og segir í A 3. lið hér að framan og málskostnað eins og segir í A 5. lið.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða sekt, sbr. lög nr. 80/1938.

Kröfur stefnda í málinu eru þær, að kröfum stefnanda á hendur stefnda Bifreiðastöð Vestmannaeyja, verði vísað frá Félagsdómi og stefnda Bifreiðastöð Vestmannaeyja dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Að því er varðar kröfur stefnanda á hendur stefnda Ekli er þess krafist, að 2. kröfulið stefnanda verði vísað frá dómi, en stefndi Ekill sýknaður að því er snertir aðra kröfuliði. Til vara krefst Ekill lækkunar á skaðabótakröfu stefnanda. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnanda eftir mati dómsins.

Tildrög málsins og málavextir eru þessir:

Stefnandi máls þessa, Ástþór Einarsson, stundaði áður vélgæzlu í fiskþurrkunarstöð í Vestmannaeyjum, en kveðst hafa orðið að hætta því af heilsufarsástæðum. Hefur hann skýrt svo frá, að læknar þeir, sem hann leitaði til, hafi ráðlagt sér að stunda bifreiðaakstur. Samkvæmt því hafi hann sagt upp starfi sínu hjá því fyrirtæki, sem hann vann hjá. Lagði hann því næst drög að því, að eignast vörubifreið og kom hún til Vestmannaeyja hinn 13. marz 1961.

Í Vestmannaeyjum er samtökum vörubifreiðastjóra svo háttáð, að þar hefur a. m. k. frá árinu 1929 starfað félag vörubílstjóra, sem heitir Bifreiðastöð Vestmannaeyja. Munu að þeim félagsskap standa allir sjálfseignarvörubílstjórar í Vestmannaeyjum, sem þá vinnu stunda. Samkvæmt 3. gr. samþykktá þessa félagsskapar, er tilgangur hans sá, að halda uppi stöð, sem annizt afgreiðslu vinnupantana, innheimtu vinnulauna, reikningshald og innkaup á benzíni og olíum. Er félagsmönnum óheimilt að selja, gefa eða lána félagsréttindi sín. Í inntökugjald skal greiða kr. 5000.00 auk mánaðargjalds og svo stofngjald í samræmi við eignir félagsins, þar með talin húseign þess. Ákveður félagsstjórnin auk stöðvarstjóra, hve hátt stofngjaldið skuli vera. Samkvæmt 6. gr. samþykktanna er hverjum félagsmanni skylt að halda frumbók, þar sem færður er allur akstur. Í 7. gr. eru fyrirmæli um það, að félagsmönnum sé skylt að nota það benzín, sem félagið hafi útsölu á, og skal ágóði af verzlun stöðvarinnar ganga upp í reksturskostnað hennar. Þá er svo mælt í 15. gr. samþykktanna, að eigi félagið yfir 1000 króna eign geti sá félagsmaður, sem verið hefur í félaginu 5 ár, krafizt þess, ef hann segir sig úr félaginu, að fá 30% af sínum hluta eignarinnar greiddan. Loks segir í 17. gr., að félagið ákveði „að blanda ekki stjórnámálum inn á starfssvið sitt“.

Í Vestmannaeyjum er einnig starfandi annað félag sjálfseignarvörubílstjóra. Ber það nafnið Ekill og mun hafa verið stofnað 1954 eða 1955. Er tilgangur þess sá, að efla hag sjálfseignarvörubifreiðastjóra í Vestmannaeyjum, en félagsmenn geta þeir einir orðið, sem hafa það að at-

vinnu að aka vörubifreið fyrir sjálfa sig og eru búsettir í Vestmannaeyjum, enda séu þeir ekki eigendur nema að einum vörubil. Ekil er félagi í Landssambandi íslenskra vörubilstjóra og er þannig af sambandsins hálfu viðurkennt sem stéttarfélag vörubifreiðastjóra.

Stefnandi kveðst hafa litið svo á, að innganga í Bifreiðastöð Vestmannaeyja, hér eftir nefnt B.S.V., væri nauðsynlegur undanfari þess, að geta stundað vörubifreiðaakstur í Vestmannaeyjum. Sótti hann því um inntöku í þann félagsskap hinn 18. október 1960. Þeirri málaleitan hans var ekki svarað og sótti hann aftur um inngöngu, að því er hann telur, hinn 18. des. s. á. En með bréfi B.S.V., dags. 14. des. 1960, er honum tilkynnt, að almennur fundur, haldinn 4. sama mánaðar hafi samþykkt, að fjölga ekki bilum á stöðinni að svo stöddu, vegna samdráttar í atvinnu, og sé því beiðni hans synjað. Með bréfi dags. 15. febrúar 1961 ítrekaði stefnandi enn umsókn sína um inngöngu í B.S.V. Skýrir hann í inntökubeiðni sinni frá því, að hann hafi fest kaup á vörubifreið í því skyni að afla sér lífsviðurværis með rekstri hennar, þar sem hann hafi að læknisráði orðið að hætta við þá atvinnu, sem hann stundaði áður. Þessari umsókn svarar B.S.V. hinn 4. marz s. á. á þá lund, að félagsfundur haldinn 19. febr. 1961 hafi samþykkt, að taka ekki nýja féлага inn á því ári.

Svo sem áður segir kom bifreið stefnanda V 305 til Vestmannaeyja hinn 13. marz 1961. Þar sem stefnandi fékk hvorki inngöngu í B.S.V. né heldur atvinnu, kveðst hann hafa leitað til bæjarstjórans í Vestmannaeyjum og beðið hann að taka sig í vinnu, en hann ekki talið sér það fært, og ráðlagt sér að sækja um inngöngu í Ekil, félag sjálfseignarvörubifreiðastjóra í Vestmannaeyjum, en það kvaðst stefnandi eigi hafa gert áður vegna þess, að hann hafi talið B.S.V. og Ekil eitt og hið sama. Skýrir stefnandi svo frá, að hann hafi hinn 6. apríl 1961 leitað ráða Steingríms Árnasonar formanns stéttarfélags vélstjóra í Vestmannaeyjum, sem hafi samið fyrir sig umsókn um inngöngu í Ekil. Kveðst stefnandi því næst með

aðstoð systur sinnar hafa tekið afrit af umsókninni að kvöldi þessa sama dags, farið með hana til formanns Ekils, Jónasar Jónssonar, sem hafi verið að aka fiski úr bátum við Nausthamars bryggju, og fengið honum þar umsóknina í lokuðu umslagi. Jafnframt hafi hann sagt Jónasi, að þetta væri inntökubeiðni í Ekil. Nokkru síðar kveður stefnandi, að eiginkona sín hafi rætt þessi mál sín við bæjarstjórnann og hafi hann tjáð henni eftir langt samtál við formann Ekils, að um enga tilslökun af hálfu bílstjóranna væri að ræða. Hinn 9. maí 1961 snýr stefnandi sér bréflega til bæjarstjórnar Vestmannaeyja með beiðni um það, að hún útvegi honum vinnu með bifreið sína, en kveðst þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir ekki hafa getað fengið vinnu hjá atvinnurekendum í Vestmannaeyjum, sem ekki hafi viljað ganga í berhögg við samtök vörubílstjóranna, en milli Ekils og Útvegsbændafélags Vestmannaeyja hafi verið um það samið, að félagsmenn í Ekli skyldu hafa forgangsrétt til allra flutninga með bifreiðum. Þannig kveðst stefnandi hafa orðið að hætta vinnu hjá Vestmannaeyjakaupstað hinn 27. júní f. á., eftir að formaður Ekils hafði rætt við bæjarstjóra. Þegar stefnandi fékk eigi neina leiðréttingu mála sinna, kveðst hann hafa kært Ekil fyrir Alþýðusambandi Íslands hinn 8. júní 1961, en aldrei fengið svar við því.

Hinn 12. júlí s. á. ritar hdl. Jón Eiríksson, sem stefnandi hafði þá fengið til þess að fara með mál sitt, Ekli og Bifreiðastöð Vestmannaeyja svohljóðandi bréf:

„Herra Ástþór Einarsson, bifrstj. að Faxastíg 39, Vestmannaeyjum, hefir snúið sér til skrifstofu okkar vegna eftirfarandi.

Á s.l. vetri kveðst hann hafa fest kaup á vörubifreið í þeim tilgangi að nota hana til leiguaksturs. Hann telur að hann fullnægi öllum skilyrðum til að stunda þessa atvinnu. Hann segist hafa sótt um upptöku í Vörubílastöð Vestmannaeyja en fengið synjun, þá hafi hann og sótt um upptöku í „Ekil“ en ekkert svar fengið þótt langur tími sé liðinn.

Það virðist vera augljóst að Ástþór á fullan rétt á inn-

göngu í Vörubílastöð Vestmannaeyja og Ekil, og að þessir aðilar eigi að bæta honum það fjárhagstjón, sem hann hefir orðið fyrir. Ég leyfi mér því að vænta, að þessir aðilar endurskoði afstöðu sína og afgreiði þessar umsóknir svo sem lög mæla fyrir og fallist á, að bæta það tjón, sem Ástþór hefir orðið fyrir, svo ekki þurfi til þess að koma að leita aðstoðar dómstólanna til að rétta hlut hans.“

Nokkru eftir að forráðamenn Ekils fengu þetta bréf munu þeir hafa haft samband við málflutningsmann sinn. létu þeir í ljós við hann, samkvæmt frásögn hans, að stjórn Ekils kannaðist eigi við að hafa fengið nokkra inntökubeiðni frá stefnanda. Kveðst lögmaður Ekils þá hafa bent lögmanni stefnanda á, að réttast væri að stefnandi sendi nýja inntökubeiðni, þar sem stjórn Ekils teldi sig eigi hafa fengið neina slíka beiðni. Lögmaður stefnanda taldi að bréf sitt frá 12. júlí væri fullnægjandi umsókn um inngöngu, og var því næst tekin út stefna í málinu hinn 10. ágúst 1961, svo sem áður er rakið. Hinn 19. september ritar lögmaður stefnanda enn stjórn Ekils, vísar þar til inntökubeiðni stefnanda frá 6. apríl, en kveðst jafnframt vilja fyrir hönd stefnanda „til varúðar sækja um upptöku fyrir hann í Ekil“. Með bréfi 26. sept. s. á. tilkynnir stjórn Ekils, að samþykkt hafi verið á félagsfundi 24. s. m. að taka til greina inntökubeiðni stefnanda. Jafnframt lætur stjórn Ekils þess getið, að umsókn sú er falist hafi í áðurgreindu bréfi lögmanns stefnanda 19. sept. 1961, sé fyrsta og einasta umsóknin frá stefnanda, sem Ekli hafi borizt.

I. *Kröfur á hendur Bifreiðastöð Vestmannaeyja.*

Sjónarmið stefnanda.

Kröfur sínar á hendur nefndum samtökum vörubifreiðastjóra í Vestmannaeyjum byggir stefnandi í höfuðatriðum á því, að Ekill og B.S.V. sé í raun og veru sama félagið eða að minnsta kosti aðeins tvær deildir í sömu heildinni, þar sem Ekill fari með kjarasamninga vörubílstjóranna en B.S.V. með vinnumiðlun og afgreiðslu alla með þeim hætti, að þátttaka í B.S.V. sá óhjákvæmileg afleið-

ing félagsréttinda í Ekli og nauðsynleg til þess að geta notið góðs af kjarasamningum Ekils og vinnuveitenda. Telur stefnandi að sér hafi af þessum sökum verið rétt og nægilegt að snúa sér til B.S.V. með inntökubeiðni sína, þótt hann hefði síðar talið öruggara að sækja einnig beint um inngöngu í Ekil. Staðhæfir stefnandi, að starfsemi B.S.V. og Ekils sé svo samtvinnuð, að þar verði ekki á milli skilið.

Viðhorf stefndu.

Af hálfu stefnda er því hins vegar haldið fram, að Ekil og B.S.V. séu tveir sjálfstæðir aðiljar að lögum. B.S.V. sé sjálfstætt sameignarfélag sjálfseignarvörubifreiðastjóra í Ekli með sérstakri stjórn og algerlega aðskilinn fjárhag frá stéttarfélaginu Ekli. Þetta einkenni komi m. a. glögglega í ljós af því, að hver sá, sem gerist félagsmaður í B.S.V., verði að gjalda töluverða fjárhæð til þess að geta orðið hluttakandi í sameigninni og fái á sama hátt hlut sinn greiddan, er hann hverfi á brott. B.S.V. sé þannig hvorki stéttarfélag né rekið af stéttarfélagi og sé Félagsdómi því eigi rétt að dæma um það, hvort stefnandi eigi rétt til inngöngu í þann félagsskap. Beri því að vísa máli þessu frá dómi að því er varðar kröfu stefnanda á hendur B.S.V.

Um B.S.V. og frávísunarkröfu stefnda.

Hér að framan hefur samþykktum B.S.V. verið lýst. Verður eigi annað af þeim ráðið en að hér sé um sameignarfélag sjálfseignarbifreiðastjóra að ræða og hefur eigi komið fram, að starfsemi þessa félagsskapar sé andstæð samþykktum hans. Þar sem félagsmenn Ekils munu yfirleitt allir vera í sameignarfélaginu B.S.V. leiðir af því, að mjög náið samband hlitir að vera milli þessara félaga og starfsemi þeirra í ýmsum greinum í sama farvegi. Þó eru stjórnir þeirra nú ekki skipaðar sömu mönnum, að því undanskildu, að einn stjórnenda B.S.V. á einnig sæti í stjórn Ekils, en hann fer eigi með formennsku. Ekki er vitað, að B.S.V. sé félagi í Landssambandi íslenzkra vörubilstjóra og ekki heldur í Alþýðusambandi Íslands.

Þegar til þess er litið, sem nú hefur verið rakið, verður

að telja, að B.S.V. og Ekil séu hvor um sig sjálfstæður aðili að lögum og að af inngöngu í annað þessara félaga leiði ekki af sjálfu sér félagsréttindi í hinu. Og þar sem eigi verður séð, að B.S.V. sé stéttarfélag í merkingu laga nr. 80/1938 verður það eigi borið undir Félagsdóm, hverjir eigi rétt til inngöngu í þann félagsskap. Ber samkvæmt því að vísa öllum kröfum stefnanda á hendur Bifreiðastöð Vestmannaeyja í máli þessu frá dómi.

Rétt þykir eftir atvikum að stefnandi greiði stefnda Bifreiðastöð Vestmannaeyja kr. 1000.00 í málskostnað.

II. *Kröfur stefnanda á hendur Ekli.*

Um 1. kröfulið.

Svo sem að framan er greint sótti stefnandi um inngöngu í Bifreiðastöð Vestmannaeyja hinn 15. febrúar 1961, en þeirri beiðni var sýnt á fundi 19. s. m. samkvæmt tilkynningu til hans, dags. 4. marz s. á. Bifreið hans kom hins vegar ekki til Vestmannaeyja fyrr en 16. marz 1961. Heldur stefnandi því fram, að hann hafi eigi síðar en frá þeim degi átt rétt til inngöngu í Ekil. Og þar sem hann hafi þá þegar sótt um inngöngu í Bifreiðastöð Vestmannaeyja, sem honum hafi verið rétt vegna þess að B.S.V. og Ekil hafi í raun og veru verið eitt og hið sama, eigi hann kröfu til þess, að félagsréttindi hans í Ekli miðist við þann dag. En til vara heldur hann því fram, að miða beri félagsréttindi sín við 6. apríl, er hann hafi afhent formanni Ekils inntökubeiðni sína.

Af hálfu stefnda er því í fyrsta lagi neitað, að inntökubeiðni stefnanda í B.S.V. hafi á nokkurn hátt varðað Ekil eða haft í för með sér nokkrar lögfylgjur að því er síðastnefnt félag varðaði. En í öðru lagi mótmælir hann því, að stjórn Ekils hafi borizt inntökubeiðni frá stefnanda hinn 6. apríl 1961. Heldur fyrirvarsmaður Ekils því fram, að því félagi hafi eigi borizt formleg beiðni um inngöngu frá stefnanda fyrr en með áðurgreindu bréfi lögmanns hans, dags. 19. september 1961. Hafi nú inntökubeiðnin verið samþykkt á félagsfundi í Ekli 24. s. m. og stefnandi þar

með orðið félagsmaður. Geti hann þess vegna ekki haft uppi neinar kröfur á hendur Ekli af þessu efni.

Samkvæmt því sem áður er sagt um samband Bifreiðastöðvar Vestmannaeyja og Ekils gat inntökubeiðni stefnanda, sem beint var til B.S.V. ekki skapað honum neinn rétt gegn Ekli og er því þegar af þeirri ástæðu ekki heimilt að miða rétt stefnanda til inngöngu í Ekil við 13. marz 1961. Kemur þá til álita sú staðhæfing stefnanda, að hann hafi afhent formanni Ekils, Jónasi Jónssyni, inntökubeiðni hinn 6. apríl 1961. Stefndi hefur neitað því, að þetta sé rétt. Hefur Jónas gefið þá skýrslu á bæjarþingi Vestmannaeyja, að hann viti ekki til þess, að stefnandi hafi sótt um upptöku á umræddum tíma og í sama þinghaldi staðfesti hann, að stefnandi hefði ekki heldur ítrekað þá umsókn, er hann teldi sig hafa sent. Hefur stefnandi eigi gegn mótmælum stefnda, Ekils, fært að því sönnur, að formaður Ekils hafi hinn 6. apríl eða síðar veitt viðtöku inntökubeiðni stefnanda frá honum sjálfum, enda er því eigi haldið fram af stefnanda, að hann hafi ítrekað þessa beiðni sína við formanninn Jónas eða átt tal um það við hann, hvað afgreiðslu inntökubeiðninnar liði. Getur stefnandi því eigi byggt rétt á því, að Ekil hafi látið undir höfuð leggjast, að taka til afgreiðslu inntökubeiðni frá honum dags. umræddan dag. Hins vegar gaf áðurnefnt bréf lögmanns stefnanda frá 12. júlí 1961 forráðamönnum Ekils fullkomið tilefni til andsvara, ef rétt var sú staðhæfing þeirra, að Ekli hefði eigi borizt nein inntökubeiðni frá stefnanda, og gaf jafnframt stjórn félagsins gilda ástæðu til þess að taka afstöðu til þess þá þegar, hversu háttað væri rétti stefnanda til inngöngu í Ekil. Stjórn Ekils hófst ekki handa um viðurkenningu á félagsréttindum stefnanda fyrr en eftir að stefna hafði verið birt, málið þingfest og lögmaður stefnanda ritað framangreint bréf frá 19. september. Var innganga stefnanda í Ekil samþykkt hinn 24. s. m. svo sem áður er rakið.

Þar sem stefndi, Ekil, hefur þannig þegar fullnægt kröfu stefnanda um félagsréttindi verður að sýkna hann af þessum kröfuflið stefnanda, enda verða stefnanda eigi

dæmd bein félagsréttindi fyrir 24. sept. 1961, er inntöku-beiðni hans var samþykkt, þó rétt sé, þegar dæmt verður um skaðabótakröfu hans, að hafa hliðsjón af tómlæti stefnda Ekils um það, að taka afstöðu til inngöngubeiðni stefnanda eftir að Ekill fékk framangreint bréf lögmanns stefnanda frá 12. júlí f. á.

Um 2. kröfulið.

Af ástæðum þeim, sem greindar eru í I hér að framan verður kröfu um félagsréttindi í Bifreiðastöð Vestmanna-eyja ekki hér fyrir dómi beint gegn Ekli, félagi sjálfseign-arvörubifreiðastjóra og ber því að vísa þessum kröfulið frá Félagsdómi.

Um 3. kröfulið.

Þenna kröfulið byggir stefnandi á því, að löglaus andstaða fyrirvarsmanna Ekils gegn því, að hann fengi félagsréttindi í nefndu félagi og mótspyrna þeirra gegn því, að hann stundaði vörubifreiðaakstur, hafi torvelað honum að stunda þá atvinnu og valdið honum tjóni, sem stefnda Ekli sé skylt að bæta. Hefur hann miðað bótakröfu sína við þann dag er bifreið hans V 305 kom til Vestmanna-eyja 13. marz 1961.

Af hálfu stefnda Ekils er því eindregið neitað, að stefnandi eigi nokkra bótakröfu á hendur því félagi. Inntöku-beiðni hans hafi strax verið samþykkt þegar hún barst félaginu og engar hömlur lagðar á starfsemi hans sem vörubifreiðastjóra, hvorki áður en hann var tekinn í félagið, en þá hefði Ekli verið fullkomlega heimilt að beita forgangsréttarákvæðum gildandi kjarasamnings gagnvart honum, né heldur eftir að félagsréttindi hans voru viðurkennd.

Samkvæmt því, sem greint er í II, 1 hér að framan varðandi umsókn stefnanda um inngöngu í Ekil, er eigi gegn mótmælum fyrirvarsmanna Ekils sannað, að félaginu hafi borizt umsókn frá stefnanda um inngöngu í Ekil fyrr en með áðurgreindu bréfi lögmanns stefnanda 12. júlí 1961.

Eigi er fram komið í málinu, að forráðamenn Ekils hafi á nokkurn hátt reynt að spilla atvinnumöguleikum

stefnanda eftir að inntökubeiðni hans var samþykkt hinn 24. september 1961. Er því aðeins um það að ræða, hvort Ekill hafi orðið bótaskyldur vegna tjóns, er stefnandi hafi beðið á tímabilinu frá 12. júlí 1961 til 24. september s. á. Eðlilegt þykir, að stéttarfélagi sé gefið nokkuð svigrúm til þess að taka afstöðu til umsóknar um inngöngu í félagið. Eins og málavöxtum var háttað hér, var eðlilegt að fyrstu andsvör Ekils við oftnefndu bréfi lögmanns stefnanda frá 12. júlí hefði verið að tilkynna honum að engin umsókn hefði enn borizt. Að þessu athuguðu þykir hæfilegt, að gera ráð fyrir því, eins og á stóð, að Ekill hefði eigi tekið afstöðu til inntökubeiðni stefnanda fyrir en hálfum mánuði eftir bréf lögmannsins eða um mánaðamótin júlí—ágúst. Kemur bótakrafa fyrir júlímánuð 1961 því eigi til áliða. Í ágústmánuði voru brúttótekjur stefnanda af akstri bifreiðar hans kr. 11.388.37 og er eigi sannað, að vörubifreiðastjórar í Vestmannaeyjum hafi almennt haft meiri tekjur af bifreiðum sínum þann mánuð.

Í septembermánuði 1961 voru brúttó tekjur stefnanda að hans sögn kr. 473.00. En eftir að hann hafði fengið félagsréttindi í Ekli segir hann tekjur sínar af akstri þessar: Í október kr. 1152.80, í nóvember kr. 169.86, í desember kr. 190.00, í janúar 1962 kr. 280.00, og í s.l. febrúarmánuði kr. 395.03. Þegar þessar tekjur stefnanda á tímabilinu október 1961 til febrúar 1962 eru bornar saman við tekjur hans í septembermánuði þykir eigi sannað, svo öruggt sé, að dráttur sá, sem á því varð til 24. september, að hann fengi félagsréttindi í Ekli hafi valdið honum tjóni, sem Ekill sé ábyrgur fyrir, og ber samkvæmt því þegar af þeirri ástæðu að sýkna stefnda af þessum kröfulið.

Um 4. kröfulið.

Með tilliti til þess, að stefndi Ekill hefur, eins og að framan greinir, þegar veitt stefnanda félagsréttindi þykja eigi efni til þess að dæma sektargreiðslu á hendur stefnda.

Um 5. kröfulið, málskostnaðarkröfuna.

anda kr. 2000.00 upp í málskostnað.

Rétt þykir eftir atvikum, að stefndi Ekill greiði stefn-

Dómsorð:

1. Kröfum stefnanda, Ástþórs Einarssonar, á hendur stefnda, Bifreiðastöð Vestmannaeyja, í máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnandi greiði stefnda Bifreiðastöð Vestmannaeyja kr. 1000.00 í málskostnað.

2. Kröfu stefnanda á hendur stefnda Ekli, sem um ræðir í A 2. kröfulið, er vísað frá dómi.

Stefndi, Ekill, félag sjálfseignarvörubifreiðastjóra í Vestmannaeyjum, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Ástþórs Einarssonar, í máli þessu, að því undanskildu, að honum ber að greiða stefnanda kr. 2000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtinu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. júní 1962

Nr. 2/1962.

**Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðsfélags
Norðfirðinga**

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

gegn

Landssambandi íslenzkra útvegsmanna

(Guðmundur Ásmundsson hrl.).

Varadómari Benedikt Sigurjónsson í stað Ísleifs Árnasonar.

Uppsögn kjarasamnings eigi talin hafa orðið gild gagnvart stéttarfélagi.

Dómur:

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 16. f. m., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélags Norðfirðinga, Neskaupstað, gegn Landssambandi íslenzkra